



Umhverfis- og skipulagssvið

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 23.5.2024 varðandi eftirfarandi mál:

USK - Breiðholt I - breyting á deiliskipulagi - Arnarbakki 2-6, 8 og 10 - til afgreiðslu

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 8. maí 2024, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 8. maí 2024 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Breiðholts I vegna lóðanna nr. 2-6, 8 og 10 við Arnarbakka, ásamt fylgiskjölum.
Samþykkt.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks samþykkja að setja málið í lögbundið samráðsferli, með fyrirvara um endanlega afstöðu. Fulltrúarnir vekja athygli á því að hér er gengið á grænt svæði og hér er um töluvert byggingarmagn að ræða.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Óskað er eftir breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðirnar Arnarbakka 2-10. Breytingar felast í fjölgun íbúða, færslu á byggingarreitum og heimild fyrir leikskóla á svæðinu. Markmiðið er að fækka bílastæðum til muna á fyrirhuguðum uppbyggingarreitum, stærri reitum sem smærri og einnig á blönduðum sem og þeim sem eru í nágrenni við góðar almenningssamgöngur. Vandamálið er að nú eru engar góðar almenningssamgöngur og bið í borgarlínu jafnvel um einhverj ár. Samnýta á stæði eins og hægt er sem er ágætis mál ef þess er nokkur kostur. Flokkur fólksins tekur undir að bílastæði séu ekki merkt neinum nema auðvitað stæði fyrir hreyfihamlaða og fatlað fólk. Stæði eiga ekki að vera frátekin fyrir ákveðin fyrirtæki. Mikið er talað um almenningssamgöngur og nálægð við þær en aftur er minnst á hvað við búum við slakar almenningssamgöngur sem þjóna aðeins mjög þröngum hópi. Enn er með öllu óljóst hvernig borgarlína á eftir að virka í úthverfum Reykjavíkur. Flokkur fólksins getur ekki samþykkt að bílastæðum sé fækkað svo mikið sem til stendur fyrr en hægt er að segja að við höfum fullnægjandi almenningssamgöngur. Bílum fjölga og áfram þarf að gera ráð fyrir bílum á götum og í bílastæðum bæði ofan jarðar og neðan.

Helga Björk Laxdal
e.u.